



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. maí 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hvali, 590. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um hvali, 590 mál.

Samtökin taka undir markmið laganna um hagkvæma og sjálfbæra nýtingu hvalastofna við landið með tilvísun til hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Þá leggja samtökin áherslu á það að komið sé í veg fyrir árekstra milli þeirra sem stunda hvalveiðar og þeirra sem vinna við að sýna ferðamönnum hvali. Það hafi reyndar verið gert með því að afmarka sérstök svæði fyrir veiðar og önnur fyrir hvalaskoðun svo ekki væri, eins og áður gat komið fyrir, að verið væri að skjóta hval fyrir framan ferðamenn í hvalaskoðun.


Samtökin leggja áherslu á að fyrirtæki sem stunda hvalveiðar og fyrirtæki sem stunda hvalaskoðun vinni saman í stað þess að ögra hvort öðru eins og dæmi eru um í fortíðinni.

Þá leggja samtökin áherslu á að þeim sem fá leyfi til veiða stórhvala sé tryggður rekstrargrundvöllur fyrir starfsemi sína til lengri tíma litið, þar sem stofnkostnaður og rekstrarkostnaður starfseminnar sé gífurlegur vegna sérhæfingar skipa og búnaðar sem hvalveiðar krefjast. Ólíkt aðlögunarhæfni ýmissa tegunda fiskiskipa vegna breytinga á veiðum og veiðiaðferðum nýtast sérútbúin skip til hvalveiða ekki til annarra veiða.

Samtökin telja að í stað þess að fella úr gildi lög nr. 26/1949 um hvalveiðar og setja sérstök lög um hvali mætti gera þær breytingar á frumvarpinu að lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 gildi einnig almennt um hvalveiðar. Í stað sérstakra laga væri bætt kafla í lög 116/2006 um hvalveiðar og lögin fengu heitið: „Lög um stjórn nytjastofna í fiskveiðilandhelgi Íslands“.

Samtök atvinnulífsins hafa lagt áherslu á að örva atvinnulífið, fjölga störfum og fækka fólki á atvinnuleysisskrá. Samkvæmt upplýsingum samtakanna réði Hvalur hf. yfir 150 manns af atvinnuleysisskrá vorið 2009 til starfa við veiðar og vinnslu hvalafurða hjá fyrirtækinu auk annarra starfa sem sköpuðust hjá ýmsum þjónustuaðilum. Telja samtökin því ærna ástæðu til þess að vega og meta áhrif hvalveiða á það að auka atvinnutækifæri á íslenskum vinnumarkaði.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins


Jón H. Magnússon